



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 13. fundur stjórnar KLÍ, 2011-2012
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Miðvikudagur 18.01.2012 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður
Höskuldur Höskuldsson (HH) varaformaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari
- Boðuð forföll:** Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) gjaldkeri
Ingi Geir Sveinsson (IGS) meðstjórnandi
- Fjarverandi:**
Fundarritari: ÞI

Helstu mál: Fundargerð s.f., starfsmannamál, stigagjöf til keilara ársins og önnur mál.
--

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar:

Samþykkt.

2. Starfsmannamál:

Ein umsókn barst um starfið hjá KLÍ og var það Sigurbjörn Vilhjálmsson. Stjórnarmönnum lýst vel á hann sem starfsmann og ákveðið var að ráða hann. ÞI mun verða í sambandi við hann. Hann mun byrja 1. febrúar.

3. Stigagjöf til keilara ársins :

Engar tillögur bárust og stjórnarmenn höfðu engar heldur. Ákveðið var að láta núverandi stigagjöf standa, enda er hún ekki bindandi fyrir stjórn heldur aðeins til viðmiðunar eða til að auðvelda stjórn valið, ef þörf krefur.

4. Önnur mál:

Gjöf til ÍSÍ – KLÍ mun að sjálfsögðu vera með í gjöf sambandanna í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ.

Fundur með menntamálaráðherra – GS sótti fund með menntamálaráðherra í síðustu viku fyrir hönd KLÍ og greindi hann stjórn frá því sem fram fór.

Kúluvikt – ÞI tilkynnti að loksins hafi borist póstur frá Jayhawk og áætlað er að viktin verði send af stað fyrir mánaðarmót. Hún kosta \$3100 með sendingarkostnaði, en þá eru eftir aðflutningsgjöld og annar kostnaður hérlendis.

Seinni hluti vetrar – Áætlað að hafa þing KLÍ þann 3. maí n.k. og mun ÞI leita til ÍR hvort þeir haldi þingið. Formannafundur 12 – 17. apríl. Þingboð verður sent út í febrúar. ÞI tilkynnti að hann yrði ekki á landinu frá lok febrúar þangað til eftir páska.

AMF – GS kom með tillögu að KLÍ mundi styrkja „keppandann af hinu kyninu“, væntanlega kvenn keppendann til þess að komast á AMF mótið í nóvember og nota til þess útbreyðsluþeninginn. Fundarmönnum leyst vel á hugmyndina en það á eftir að ákveða upphæðina. Ekki er mikið eftir af pening síðasta árs þar sem viktin tekur afganginn og eitthvað af áætlun þessa árs.

Fundi slitið 18:50 – næsti fundur 1. febrúar 2012.